

Orðanefnd L.Í. - 112

Fundur var haldinn mánudaginn 13. janúar 2025 kl. 16:30 að Arngrímsgötu 5, Reykjavík, í Eddu, húsi Stofnunar Árna Magnússonar, og var það 112. fundur nefndarinnar frá 2012.

Mætt voru: Jóhann Heiðar Jóhannsson, formaður nefndarinnar, Gerður Aagot Árnadóttir, Reynir Tómas Geirsson, Runólfur Pálsson og Ágústa Þorbergsdóttir, deildarstjóri á Stofnun Árna Magnússonar. Magnús Jóhannsson hafði boðað forföll vegna veikinda.

1. Síðasta fundargerð:

Fundargerð 111. fundar (25. nóvember 2024), sem áður hafði verið send fundarmönnum í tölvupósti, var lauslega yfirfarin og formlega samþykkt.

2. Orðalisti úr verkefni með Pétri Snæbjörnssyni, lækni:

JHJ lagði fram lista með 60 færslum, bæði frá Pétri og úr Íðorðasafni lækna, þar sem fyrir komu ensku fræðiheitin **thrombocyte** og **platelet** (blóðflaga) og **megacaryocyte** (blóðflögufruma) í ýmsum samsetningum. Farið var vandlega yfir orðalistann, þar með var tekið tillit til athugasemda í tölvupósti frá Magnúsi Jóhannssyni, og gerðar margvíslegar breytingar og viðbætur. JHJ var falið að ganga frá listanum til birtingar í Íðorðabankanum.

Önnur mál:

Runólfur Pálsson lagði til að á næsta fundi yrðu tekin til skoðunar ensku orðin **primary** og **secondary** með það að markmiði að samræma eftir bestu getu þær mismunandi þýðingarlausnir sem nú liggja fyrir í læknisfræðiheimum frá fyrri árum Íðorðasafns lækna. Var það samþykkt.

Næsti fundur: Gert var ráð fyrir næsta fundi mánudaginn 10. febrúar 2025 kl. 16:30 og var fundarherbergi í Eddu bókað þann dag.

Fundinum var slitið kl. 17:40. Fundargerð ritaði JHJ.